

## Umhverfis- og loftslagsstefna Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum

### Framtíðarsýn

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum vill vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum og halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni í lágmarki. Stofnunin leggur sitt af mörkum til að skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu verði náð og tekur þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

### Yfirmarkmið

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum mun leitast við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) um 25% fyrir árið 2030 miðað við árið 2019. Stofnunin stefnir einnig að kolefnishlutlausri starfsemi með því að kolefnisjafna alla eftirstandandi losun með kaupum á vottuðum kolefniseiningum frá og með árinu 2023.

### Gildissvið

Stefna þessi tekur til umhverfisáhrifa af innri rekstri Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og varðar allt starfsfólk stofnunarinnar.

### Umfang

Til að fylgjast með losun gróðurhúsalofttegunda mun Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum innleiða Grænt bókhald sem skilað verður í Gagnagátt Umhverfisstofnunar fyrir 1. apríl ár hvert vegna næstliðins árs. Græna bókhaldið heldur utan um þýðingarmestu umhverfisþættina í starfseminni sem eru eftirfarandi:

### Samgöngur

- Losun GHL vegna aksturs á ökutækjum stofnunarinnar
- Losun GHL vegna flugferða starfsmanna erlendis

- Fjöldi samgöngusamninga sem stofnunin gerir við starfsmenn

### *Orkunotkun*

- Rafmagnsnotkun að Keldum
- Heitavatnsnotkun að Keldum

### *Úrgangur*

- Losun GHL vegna lífræns úrgangs
- Losun GHL vegna blandaðs úrgangs
- Losun GHL vegna sóttmengaðs úrgangs
- Losun GHL vegna pappírs og pappa
- Losun GHL vegna plasts
- Heildarmagn úrgangs

### **Áherslur í umhverfis- og loftslagsmálum**

- Drögum úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna, úrgangs og orkunotkunar
- Drögum úr úrgangsmyndun og aukum endurvinnslu
- Hugum að orkusparnaði
- Fræðum starfsfólk um umhverfismál
- Stundum umhverfisvæn innkaup
- Eflum fjarfundarmenningu
- Innleiðum Græn skref
- Kolefnisjöfnum losun okkar með ábyrgum hætti
- Kynnum okkur tækilausnir sem auðvelda umhverfisstarf

### **Eftirfylgni**

Umhverfis- og loftslagsstefna Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er rýnd á hverju ári af stjórn stofnunarinnar og yfirstjórn. Markmið og aðgerðir eru uppfærð með tilliti til þróunar í losun gróðurhúsalofttegunda á milli ára. Niðurstöðum Græns bókhalds og árangri umhverfis- og loftslagsstefnu verður miðlað á vef stofnunarinnar.

*Stefnan var samþykkt af stjórn Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum 12.05.2022.*